

Viðauki 2 við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Keilis

1. gr.

Gildistími, sbr. gr. 9.1., í þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550, dags. 10.09.2014 framlengist til 31.12.2019.

2. gr.

Grein 2.2 í samningnum breytist með eftirfarandi hætti:

Frá 1. júlí 2019 skal árlegur fjöldi ársnemenda í frumgreinanámi vera að hámarki 180.

3. gr.

Grein 5.1. í samningnum fellur út í heild og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Framlag ríkisins til Keilis á árinu 2019 eru 192.037.280,- og skiptist með eftirfarandi hætti:

- a. Framlag ríkisins til Keilis á fyrri hluta ársins 2019 er kr. 97.850.000,-
- b. Framlag ríkisins til Keilis fyrir seinni hluta ársins;
 1. Vegna nemenda á námsbraut í einka- og styrktarþjálfun, kr. 28.568.280,-
 2. Vegna nemenda í frumgreinanámi, kr. 65.619.000,-
 3. Samtals kr. 94.187.280,-

4. gr.

Grein 5.5.1. í samningnum breytist með eftirfarandi hætti:

Frá 1. júlí 2019 verður miðað við að hámarki 180 nemendur í frumgreinanámi. Frá 1. júlí 2019 verður framlag á hvern ársnemanda á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara kr. 952.276,- (flokkur 1 í nýju reiknilíkani) og fyrir nemendur í frumgreinanámi kr. 729.100,-.

Fari fjöldi ársnemenda í einka- og styrktarþjálfaranámi undir 50, mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á framlagi sem nemur kr. 952.276,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

Fari fjöldi ársnemenda í frumgreinanámi undir 170, mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á framlagi sem nemur kr. 729.100,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

5. gr.

Við 2. kafla samningsins um þjónustu bætist við grein 2.3 sem er svohljóðandi:

Í tilraunaskyni mun Keilir veita nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg og almennt tíðkast vegna námsbrautar til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð.

1. Til að Keilir megi hefja kennslu í tölvuleikjagerð þarf skólinn að:

- a. Vera þann 30. júní 2019 með gilda viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.
- b. Hafa þann 30. júní 2019 fengið staðfestingu á námsbraut í tölvuleikjagerð.
2. Tilraunin miðar við einn árgang sem hefur nám haustið 2019 og er með áætluð námslok á vorönn 2022.
3. Einn nemandi í fullu námi í tölvuleikjagerð telst vera sá sem klárar 45 fein á ári eða 22,5 fein á önn.
4. Viðbótarframlag frá ráðuneytinu vegna þessa tilraunaverkefnis er 16 m.kr. fyrir haustönn 2019 og kemur til greiðslu í heild þann 1. júlí 2019 svo lengi sem skilyrði 1. tl. séu uppfyllt.
5. Ef fjöldi nemenda í fullu námi, sbr. 4. tl., er undir 30 á haustönn 2019, mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á framlagi sem nemur kr. 400.000,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

Reykjavík, 21. desember 2018


f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


f.h. Keilis

Keilir ehf.
ft. 500507-0550